

Bláskógbabyggð
Félagsheimilinu Aratungu
801 Selfoss

Reykjavík, 27. júlí 2023
UST202307-176/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Bláskógbabyggðar 2015 - 2027 og nýtt deilskipulag - Útey 1

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógbabyggðar er barst 14. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi fyrir Útey 1

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á frístundabyggð F32 stækkar og lóðum fjölgar og við það verða efnistökusvæði E26 og E27 felld út. Frístundabyggð F37 stækkar og lóðum fjölgar. Skilgreint er nýtt verslunar- og þjónustusvæði fyrir gisti og veitingarekstur. og við það fellur frístundabyggð F83 fellur út. Auk þess verður skilgreint nýtt verslunar- og þjónustusvæði fyrir atvinnuuppbyggingu við þjóðveg 37.

Stefna sveitarfélagsins í aðalskipulagi

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins segir að frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útvistargildis. Hér lögð fram aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagsáætlun á svæðum sem er verðmætt vegna náttúrufars, á svæðinu er mikilvægt fuglasvæði¹, votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum², vistgerðir sem hafa hátt verndargildi³ og á jaðri hverfisverndaðs votlendis og tjarna (HV9).

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að Laugarvatn og Apavatn njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.⁴

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

² <https://serstokvernd.ni.is/>

³ <https://vistgerdakort.ni.is/>

⁴ <https://serstokvernd.ni.is/>

orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Því er mikilvægt að huga að jaðarsvæðum verkefnisins og að framkvæmdir verði ekki of nærri vötnunum til að tryggja vernd þeirra.

Laugarvatn

Í greinargerð kemur fram að Laugarvatn sé á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun vill benda á að svæðinu er lýst sem, „*Stöðuvatn og votlendið umhverfis, sem að einhverju leyti er undir áhrifum frá jarðhita. Gróskumikill gróður, fundarstaður sjaldgæfra jurta.*“

Umhverfisstofnun bendir á að Náttúrufræðisstofnun (NÍ) hefur lagt til að Apavatn, Laugarvatn og Brúará fari á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. Samkvæmt NÍ eru helstu ógnir við svæðið vaxandi frístundabyggð, ferðamennska og hætta á mengandi frárennsli. Aðrar ógnir stafa af íbúabyggð, framræslu, hrossabéit, skógrækt, jarðhitanýtingu, vegagerð og bílaumferð.

NÍ leggur til að tryggja að ekki verði byggt of nærri vatns- og árbökkum.

Til að ná fram skilvirkri vernd vatnavistgerða að mati NÍ þarf að tryggja að jaðarsvæðum þeirra sé ekki raskað í að minnsta kosti 100 m fjarlægð frá þeim. Gæta að mengun frá íbúa- og frístundabyggð og tryggja að jarðhitanýting spilli ekki sérstæðum jarðhitasvæðum.

Gróðurfar

Þar sem er að finna sjaldgæfar jurtir við Laugarvatn vill Umhverfisstofnun benda á auglýsingu nr. 1385/2021⁵ um friðun æðplantna, mosa og fléttina, en þar er að finna lista yfir friðaðar plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands getur veitt upplýsingar varðandi fundarstað þessara plantna.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999, en gr. 7.2 sem fjallar um hreinsun skólps segir: „*Skólp skal hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útvistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða, sbr. II. viðauka A.*“

⁵ <https://ust.is/library/sida/Natura/P1%3B6ntufri%C3%B0oun.pdf>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri